

Ed.

486. Breytingartilögur

við frv. til laga um forðagæslu.

Frá nefndinni.

1. Við 3. gr.

a) 1. málsgrein orðist þannig:

Hver forðagæslumaður skal koma tvisvar á vetri til eftirlits á hvert heimili, sem honum hefir verið falið til nmsjónar; í fyrra sinni í vetrarbyrjun og aftur síðla vetrar. Þar að auki skal hann kynna sjer vandlega að vorinu fyrningar og skepnhöld á hverju heimili.

Í reglugerð þeirri, sem sýslunefnd setur samkvæmt 8. gr., skal ákveða, hvenær eftirlitsferðirnar skuli farnar og hvernig forðagæslumaður skuli afla sjer að vorinu vitneskju um fyrningar og skepnuhöld.

b) Fyrir: »Í haustferð jafnframt« komi: Hann skal ávalt.

c) Orðin: »en í vorferð hefyfyrningar og skepnuhöld« falli burtu.

2. Við 5. gr.

Fyrir: »haustskoðun og vetrarskoðun« komi: hverja skoðun.

3. Við 6. gr.

a) Fyrir: »þegar þeir fara vorskoðunarferðir« komi: á hverju vori.

b) Fyrir: »að enda« komi: á enda.

c) Fyrir: »lesa þá skýrslu« — til enda málsgreinarinnar komi: leggja skýrslurnar fyrir næsta sýslunefndarfund til athugunar.

d) Fyrir: »á hausthreppaskilum skal hreppstjóri« komi: á næstu vorhreppaskilum eða öðrum almennum sveitarfundi skal forðagæslumaður

4. Við 10. gr.

Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú verður fjenaður horaður eða fellur úr hor, og er að álitu forðagæslumanns um að kenna fóðurskortu, hirðuleysi eða harðýðgi þess, er fjenaðinn hefir undir hendi, og skal þá forðagæslumaður tafarlaust tilkynna það hreppstjóra, ásamt öllum málavöxtum, en hann aftur sýslumanni.

5. Við 11. gr.

1. málsgrein orðist þannig:

Sá er sekur verður um horfelli samkvæmt 10. gr., skal sæta sektum frá 10 til 200 kr., eða einföldu fangelsi alt að 6 mánuðum. Önnur brot gegn þessum lögum, eða almennum eða sjerstöku fyrirskipunum samkvæmt þeim, varða sektum frá 5 til 100 kr., nema hærri hegning sje ákveðin í almennum lögum. Sektirnar renna í sveitarsjóð.